

Nr. 083 / 13 Nonni GK 129**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6634
Smíðaður: Flateyri 1985, plast
Stærð: 2,6 brl. 2,8 bt.
Mesta lengd: 7,02 m Skráð lengd: 6,57 m
Breidd: 2,12 m Dýpt: 1,01 m
Vél: Volvo Penta 148 kW, 1996
Fjöldi skipverja: 1



Nonni©Geir Ágústsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasynti. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júní 2013 var Nonni GK 129 á strandveiðum á SV miðum á Hafnarleir. Veður: NA 5-6 m/sek.

Þegar komið var norður fyrir Hvalsnes, á landleið til Sandgerðis, gaf viðvörunarkerfi vélarinnar merki um yfirhitun. Skipstjóri sló þegar af og stöðvaði vélina en þá hafði soðið á henni og pakkningar á afgasgrein sprungið út og kveikt í kælivatnshosu inn á afgastúrbínu. Þegar hann opnaði niður í vélarrúmið logaði aftan við vélina og tók hann þá spúlinn og slökkti eldinn.

Eftir að hafa skoðað lítillega aðstæður kallaði skipstjóri í strandstöð og óskaði aðstoðar til hafnar þar sem vélin var ekki keyrsluhæf. Það var Jón Hildiberg RE 60 sem kom og dró Nonna til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að við nánari skoðun kom í ljós að sex boltar í trissuhjólí hefðu af óljósum ástæðum slitnað og reimhjólíð dottið af. Þar sem þetta var á sveifarásnum stöðvaðist reimin fyrir kælivatnshosuna svo kæling á vélinni minnkaði þar til hún yfirhitnaði. Einnig skemmdust pakkningar á kælihulsu fyrir spíssa svo kælivatn lak með þeim niður í brunahólfíð;
- að skipstjóri, sem er menntaður bifvélafræðingur, sagðist hafa tekið vélina upp til endurnýjunar á liðnum vetri og byggt hana upp að nýju. Hann sagðist hafa hert með átaksvog alla bolta eftir fyrirmælum framleiðanda. Hann sagðist ekki þekkja sögu vélarinnar enda sé hún frá 1996 og líklegt að boltarnir, sem slitnuðu, hafi verið hertir oft en framleiðandi ráðleggi en

Það er ekki oftast en þrisvar og þá skal þeim skipt út fyrir nýja. Hann sagði einnig að það kæmi til greina að hann hafi ekki fullhert boltana og þeir þá brotnað.

Nefndarálit:

Orsök vélarbilunarinnar var að festiboltar trissunnar brotnuðu (slitnuðu).